

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarlax



Dags eftirlits	21.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax	Fulltrúi UST	
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Víkingur Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti og eru það allt frávik sem einnig komu fram í eftirliti fyrra árs og varðar skil á áætlunum. Gefin er frestur til 15. ágúst 2013 til að skila inn þessum áætlunum. Ein athugasemd var gerð hvað varðar skil á kvittun v. tryggingar fyrir bráðamengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir eftirlit síðasta árs og staða frávika rædd. Gefin var frestur til 15. ágúst n.k. til að senda inn þær áætlanir sem vantar og er vinna við vöktunaráætlun hafin. Eftirlitsaðili sendi rekstraraðila hugmyndir af uppsetningu áætlana í tölvupósti 27. júní 2013.

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir stöðu mála, leyfisstækkun og framtíðarsýn.

Bent er á að skila skuli núll skýrslu fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald þó svo að rekstur sé ekki hafinn.

Minnt á að senda skuli öll gögn á netfangið ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsaðila.

Frávik frá

gr. 1.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili átti að skila inn áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis, eða þann 29. ágúst 2012. Þetta er frávik frá fyrra eftirliti og er veittur frestur til 15. ágúst 2013 til að skila inn áætluninni sökum þess að engin starfsemi er hafin í sjó.

gr. 4.5. í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn drögum af neyðaráætlun fyrir 1. maí 2012. Neyðaráætlun þarf að vera tiltæk ef til kemur óvænt rekstrarstöðvun. Gefinn er frestur til 15. ágúst 2013 til að skila inn áætluninni sökum þess að engin starfsemi er hafin við kvíaeldið.

gr. 5.1. í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn drögum að vöktunaráætlun fyrir 1. maí 2012 þar sem fram kemur áætlun um vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni kvíanna. Vinna við þessa áætlun er hafin og er veittur frestur til 15. ágúst 2013 til að skila inn drögum af áætluninni.

gr. 4.4. í starfsleyfi

Rekstraraðili hefur ekki skilað inn viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Viðbragðsáætlun skal unnin á grundvelli áhættumats þar sem tekið er á hugsanlegri hættu af starfseminni. Gefin er frestur til 15. ágúst 2013 til að skila inn þessari áætlun.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hefur tekið tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 4.7 í starfsleyfi en kvittun vegna hennar vantar.

ANNAÐ


Ekki er búið að koma fyrir kvíum og engin fiskur er enn kominn í sjó. Framleiðsla er hafin í seiðastöð og stefnt er að því að seiðin fari í sjó í maí 2014. Áætlað er að vinna við uppsetningu kvía og annarrar aðstöðu hefjist í febrúar 2014.

Búið er að senda inn ósk um stækkun starfsleyfis til Skipulagsstofnunar. Beðið er eftir niðurstöðum frá þeim.

Búið er að kaupa tryggingu v. bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 4.7 í starfsleyfi og sendir rekstraraðili kvittun fyrir því til eftirlitsaðila í síðasta lagi 15. ágúst 2014.

Vinna við vöktunaráætlun er hafin í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða en beðið er eftir frekari mælingum sem gerðar verða í haust til að klára þá vinnu. Veittur er frestur til 15. ágúst til að skila inn drögum af vöktunaráætlun.

Reykjavík, 27.06.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.